



GREEN LEAGUE
Sport Alliance for the Environment

Ferilsathuganir

Hagnýt dæmi um umhverfisvænni íþróttaiðkun



Þakkir

Þessi bók er afurð *Erasmus+sport* projekts “Green League – sport Alliance for the Environment”

Samstarfsaðilar:

- CESIE, Ítalía, Vivi Sano Onlus, Ítalía,
- Zavod APGA, Slóvenía,
- Kentro Merimnas Oikogeneias Kai Paidiou (KMOP), Grikkland,
- EINURÐ EHF, Ísland,
- Cardet- Centre For The Advancement Of Research & Development In Educational Technology Limited (CARDET), Kýpur,
- Out of the Box International (OTB), Belgía.

Ritstjórn: APGA

Höfundar:

- APGA, Agenija za promocijo gibalnih aktivnosti, Slóvenía,
- CARDET, Kýpur,
- ESIE, Ítalía,
- EINURÐ, Ísland,
- KMOP, Grikkland,
- OTB, Belgía
- VIVI SANO ETS, Ítalía

Eintak: rafrænt

Tilvísunarnúmer verkefnis: 101050262-Green League-ERASMUS-SPORT-2021-SP



This work is licensed under a [Creative Commons Attribution-NonCommercial-ShareAlike 4.0 International License](https://creativecommons.org/licenses/by-nc-sa/4.0/).

ÍPRÓTTA- OG UMHVERFISFRAMTAK Á ÍTALÍU



VERKEFNI 1: HREINSUM, HLAUPUM OG PLOKKUM

MARKMIÐ

Markmið verkefnisins er að hlaupa og tína rusl í leiðinni.

MARKHÓPUR

Hlauparar, umhverfislög, ungmenni, íþrótt- og umhverfisunnendur.

SVÆÐI

Ítalía

1. stig: Isola d'Elba: Cavo – Marciana Marina
2. stig Castagneto Carducci – Pomaia
3. stig Orciano Pisano – Pontedera
4. stig Revet S.p.A. – Capannori
5. stig Olbia – Calangianus
6. stig Bortigiadas – Chiaramonti
7. stig Cargeghe – Stintino

HREYFING VERKEFNIS

Ganga.

ÞÁTTAKENDUR

Verkefnið er í umsjá Roberto cavallo, framkvæmdastjóra Società cooperativa ERIA (<https://www.cooperia.it/>). Frá því árið 1996 hefur félagið vakið athygli á umhverfismálum og markmiðið er að fá afreksíþróttamenn og atvinnumenn til að taka þátt í verkefninu.

Aðrir þátttakendur og hluthafar eru umhverfisráðuneytið, Unicredit bankinn og þau sveitarfélög þar sem verkefnið á sér stað.

Þeir sem hagnast á verkefninu er samfélagið á því svæði sem það á sér stað.

HEIMILDIR

<https://keepcleanandrun.com>

<https://www.gazzetta.it/running/11-04-2022/keep-clean-and-run-for-peace-2022-elba-sardegna.shtml>

<https://tg24.sky.it/cagliari/2022/05/07/eco-maratona-al-traguado-con-373-kg-di-rifiuti-raccolti>

NNGANGUR OG AÐFERÐARFRÆÐI

Árið 2015 var fyrsta plokklaupið haldið. Síðan þá hefur slíkt verkefni verið skipulagt árlega víðsvegar um Ítalíu.

Síðasta hlaup var haldið um vorið 2022 þar sem fjallað var um hlaupið sem *heimsins lengstu plokkeppni*.

Verkefnið einblínir á það þegar fólk hendir rusli út á götu, og að dreifa þeim boðskap að það hafi gríðarleg áhrif á hafið og að ekki sé nóg að hreinsa úr hafinu heldur þurfi að grípa inni þar sem upptök mengunarinnar á sér stað.

Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar hvað umhverfið varðar, hvetja fólk til að vera umhugað um náttúruna.

Aðferðafræði verkefnisins er plok - að tengja saman íþróttir og að tína rusl.

Framtakið var styrkt og af þeim sveitarfélögum þar það hefur verið haldið og fólkið á því svæði hvatt til þátttöku.

ÁSKORANIR

ÁHRIF



Skulagning verkefnis sem þessu krefst gríðarlegrar vinnu, bæði í undirbúningi þess sem og á meðan því stendur. Hægt er að draga úr erfiðleikum með að nýta sér aðstoð skóla og yfirvalda í skipulagningu og kynningu.

Síðasta mót samanstóð af yfir 300 þátttakendum sem tóku til hendinni og hreinsuðu umhverfið. Það bendir til þess að æ fleiri eru meðvitaðir um mikilvægi þess að hugsa um umhverfið.

SJÁLFBÆRNI

Skólar og stofnanir, sem og íþróttþjálfarar, gætu auglýst og stofnsett reglubundna viðburði til að auka árvekni. Ekki er nauðsynlegt að eyða miklum fjármunum í þessa viðburði en afurðin getur verið mjög dýrmæt.

YFIRFÆRSLA

Verkefnið er hægt að yfirfæra og stækka. Hægt er að vinna það í hvaða umhverfi sem er (í borgum, sveitum, í hafinu eða ám) og þarf ekki að vera kostnaðarsamt.

NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Prófessorinn, aðgerðarsinni í umhverfismálum og nú forstjóri Zero Waste Italy, Rossano Ercolini, segir að það skipti gríðarlegu máli að auglýsa og kynna verkefnið og þátttöku í því. Fólki þarf að líða sem forvígismenn í umhverfismálum.

Verkefnið sýnir að fólki er raunverulega annt um umhverfið ef aðrir eru á sama máli. Þetta er ferli sem gæti tekið langan tíma en þökk sé verkefnum sem þessu er fólk sífellt meðvitaðra um mikilvægi þess að varðveita sitt nærumhverfi.

Þar af leiðandi er grundvallaratriði að hvetja nemendur til þess að koma í veg fyrir slæma hegðun og vana, hvað umhverfið varðar, í framtíðinni.



VERKEFNI 2: PLASTVEIÐI; AIA ALLA PLASTICA

MARKMIÐ

Markmið verkefnisins er að safna plasti á meðan fólk syndir.

MARKHÓPUR
Samfélagið allt

SVÆÐI

Ítalía
Vernduð svæði í Gaiolo, Napólí og Campani

HREYFING VERKEFNIS

Sund og ganga

HAGSMUNA- OG SAMSTARFSADILAR

Þetta framtak var skipulagt af N'Sea Yet í samstarfi við UISP NAPOLI, í samráði við Marine Protected Area Parco Sommerso di Gaiola, með þátttöku samtakanna Let's do it Italy, leanap, Round Table, SI Gaiola Onlus FAI og drengjum unglingafangelsisins í Nisida.

Aðrir stuðningsaðilar verkefnisins eru ólympíski sundkappinn Massimiliano Rosolino, söngvarinn Malika Ayane, og fulltrúar bæjarstjórnar Napólí, Emanuela Ferrante, Paolo Mancuso, Vincenzo Santagada og Lua Trapanese.

Þeir sem njóta góðs af verkefninu eru allir þeir sem búa í nærumhverfi þess og ungmennin úr fangelsinu.

Verkefnið býður upp á gott tækifæri til að vekja athygli á mikilvægi samstarfs og sameiginlegra afurða þess, þ.e. til þess að njóta góðs af því þurfa allir að leggja hönd á plóg.

HEIMILDIR

<https://www.reamarinaprotettagaiola.it/single-post/presentazione-evento-caccia-alla-plastica-swimming-edition-2022>

<https://www.uisp.it/napoli/pagina/caccia-alla-plastica-swimming-edition-ii>

<https://www.ilroma.net/curiosita/liniziativa-solidale/caccia-alla-plastica-swimming-edition-sport-tutela-dellambiente-e>

<https://www.fondalicampania.com/napoli-caccia-alla-plastica-2-km-di-nuoto-a-sostegno-dellambiente/>

<https://www.dalsociale24.it/3-luglio-caccia-alla-plastica/>

<https://www.facebook.com/events/1185319862231393>

<https://www.youtube.com/watch?v=yD6gsqyhxWg>

INNGANGUR OG AÐFERÐARFRÆÐI

Þetta er í annað skipti sem verkefnið er haldið en það var haldið fyrst árið 2020.

Fyrir nokkrum árum settu N'Sea Yet samtökin á stofn verkefnið *Prendi 3* eða náðu þremur, í Napólí. Hugmyndin var að ná þremur plasthlutum af ströndinni, úr hafinu eða af götunni.

Frá því hefur verkefnið stækkað og nú hafa samtökin skipulagt ýmiss verkefni hvað varðar tínslu á plasti og vitundarvakningu á viðfangsefninu.

Það verkefni sem heppnaðist hvað best var plastveiðin og þann 3. júlí var lífi blásið í verkefnið á ný. Í þetta skiptið er það haldið á nýjum stað, á milli Nisida og Gaiola og heill dagur tileinkaður verndun hafsins og hreinsun plasts úr því.

Teymið samanstendur af fjórum einstaklingum, einum atvinnu sundmanni og þremur veiðimönnum. Veiðimennirnir skulu safna eins miklu plasti og þeir mögulega geta á Posillipo strandlengjunni en á meðan þarf sundkappinn að klára braut sem liggur frá Nisida til Gaiola á sem stystum tíma. Fyrir hvert kíló af rusli sem veiðimennirnir safna skal 1 sekúnda vera dregin frá heildartíma sundkappans.

Það lið vinnur sem klárar sunnið á sem stystum tíma.

Annar möguleiki keppinnar er að taka þátt á kayak.

Sá hluti keppinnar sem fer fram í hafinu er eingöngu aðgengilegur fyrir UISP sundmenn en allir aðrir þátttakendur keppa í veiðimannahópunum samhliða sundmönnum.

ÁSKORANIR

Erfitt getur reynst að hvetja ungt fólk til þess að taka þátt í verkefnum sem krefjast mikillar vinnur - sér í lagi ef sú vinna snýr að þrifum og að safna rusli.

ÁHRIF

Framtakið samanstóð af miklum fjölda fólks og stofnunum sem er umhugað um hreinsun plasts úr hafinu. 70 kíló voru tekin úr hafinu með áherslu á neyslu og ranga förgun plasts. Í kjölfarið var undirskriftasöfnun hrint af stað á vefsíðunni www.change.org, til að mótmæla byggingu skólpræsis á verndaða svæðinu.

SJÁLFBÆRNI

Ekki er nauðsynlegt að verja miklum fjármunum í þetta verkefni en þó er mikilvægt að fá fólk viðkomandi svæðis með sér í lið. Samvinna í skipulagningu er skilyrði til að verkefnið gangi upp.

YFIRFÆRSLA

Auðvelt er að yfirfæra verkefnið á önnur svæði nálægt sjó, ám eða vötnum. Einnig er hægt að laga verkefnið að öðrum íþróttum, s.s. hlaupum. Því er hægt að yfirfæra verkefnið á svæði víðsvegar um heiminn.

NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Það má með sannri segja að verkefnið sé yfirfæranlegt og hvetjandi, bæði fyrir hluthafana og íbúa svæðisins og samfélagið allt.

“Sem verndað svæði, hefur Gaiola sýnt málstaðnum stuðning í 20 ár” segir Maurizio Simeone, framkvæmdastjóri neðansjávargarði Gaiola og bætir við “við tökum öðru upplagi verkefnisins fagnandi og styðjum við umhverfismál, þá sérstaklega hvað hafið varðar en einnig það sem það á sameiginlegt með hamingju og innlimun slíks framtaks í íþróttahreyfinguna.

“Gaiola, strönd Posillipo og Bagnoli eiga á hættu að sjá fleiri skólpræsi byggð nálægt ala Badessa sem eykur líkur á mengun” segir Franesa Zazzera, sjálfboðaliði hjá GreenPeace í Napóli og bætir við “Við höfum hrundið af stað undirskriftasöfnun til að andmæla þessu verkefni”.

VERKEFNI 3: PLASTLAUS REIÐTÚR

MARKMIÐ

Þetta verkefni á að sýna fram á að margt smátt gerir eitt stórt og hver sem er getur haft áhrif.

MARKHÓPUR

Stofnanir sem vinna í umhverfismálum, ungt fólk, umhverfissinnar, þjálfarar og hluthafar.

SVÆÐI

Ýmiss svæði á Ítalíu og í Evrópu á árunum 2019-2022.

HREYFING VERKEFNIS

Hjólreiðar

HAGSMUNA- OG SAMSTARFSAÐILAR

Verkefnið er stutt af:

- <https://www.scott-sports.com/it/it/>
- <https://www.scott-sports.com/it/it/news/bike/scott-italia-progetto-plastic-free-ride>
- <https://www.bergamont.com/it/it/>
- <https://www.rudyproject.com/>
- <https://www.the-lab.it/>

HEIMILDIR

There is a dedicated website <https://www.plasticfreeride.it/> that the 2 riders use to communicate the news and the planned trips. The website also collects the articles and the magazine that reports the news.

2022

<https://www.ildolomiti.it/societa/2022/da-arco-a-budapest-in-bici-per-ripulire-piu-di-mille-chilometri-dai-rifiuti-la-coppia-plastic-free-ride-ancora-troppe-mascherine-e-bottiglie-di-plastica-lasciate-per-terra>

<https://www.ladige.it/territori/riva-arco/2022/06/27/in-bicicletta-da-arco-a-budapest-a-caccia-di-rifiuti-di-plastica-da-raccogliere-1.3248972>

<https://www.facebook.com/479026179096759/posts/pfbid0CKRvXEFcRpCMX3NWbro1DeX1ozLETfA1wTyGgKPNwZFKrEpstdPkhs1KvQYnTKCbl/?d=n>

<https://pedaling.it/2022/03/30/plasticfreeride/>

<https://www.qdpnews.it/comuni/pederobba/pulire-le-strade-pedalando-armati-di-pinze-e-cestini-plastic-free-ride-sbarca-a-pederobba-grazie-a-wamii-maggio-onorati-di-averli-qui/>

<https://ebiketavel.it/plastic-free-ride-uniniziativa-green-su-due-ruote/>

<https://www.vitadueruote.it/soluzioni-sostenibili-bike-plogging-a-impatto-meno-uno-e-suonare-con-strumenti-musicali-riciclati/>

INNGANGUR OG AÐFERÐARFRÆÐI

Verkefnið er sett upp þannig að tveir hjólreiðamenn sem njóta þess að ferðast um á hjóli, fjarri mengun, hjóla saman með þau tæki og tól sem þarf til að hreinsa og vernda umhverfið og taka til hendinni.

PlasticFreeRide varð til árið 2019 og stækkar með hverjum deginum og í hvert sinn sem einhver deilir hugsjón verkefnisins.



Aðferðin er einföld: þú skipuleggur hjólreiðatúr og stoppar á leiðinni þar sem þú sérð rusl, tínir það saman og nýtir einnig tækifærið til að tala við fólk sem þú hittir á leiðinni og deilir boðskapnum.

ÁSKORANIR

Það getur reynst erfitt að hvetja fólk til þess að temja sér sjálfbæra hegðun. Það krefst mikils tíma og góðra samskipta.

Hjólreiðamennirnir sem auglýsa framtakið hafa þurft að leita að styrktaraðilum sem geta úthlutað nauðsynlegum tækjum og tólum til verksins s.s. ruslatínu, hjólakerru o.s.frv. Einhvern stuðning hefur verið að finna í íþróttabúðum sem styðja heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl.

ÁHRIF

Áhrifin eru bersýnileg þar sem búið er að tína upp rusl á því svæði sem átakið er. Einnig hefur fólk áttað sig á mikilvægi þess að vernda umhverfið við að fylgjast með hjólreiðamönnum taka þátt í verkefnum.

SJÁLFBÆRNI

Verkefnið er auðveldlega sjálfbært þar sem engra fjármuna er krafist og auðvelt er að finna hjólastíga.

YFIRFÆRSLA

Verkefnið má auðveldlega yfirfæra á önnur lönd og borgir. Mikilvægt er að hvetja fólk til þess að sýna áttakinu áhuga svo hægt sé að fylgja því eftir.

NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Það má segja að góðar venjur hafa góð áhrif á sitt nærumhverfi. “Ég er mikill umhverfissinni” segir Raffaele og bætir við “Ég ákvað að byrja þetta verkefni þar sem ég trúí því að margt smátt geri eitt stórt. Það kann að vera að það breyti ekki örlögum jarðarinnar en það getur í það minnsta verið leiðarljós breytinga eða mögulega hvati fyrir aðra. Ef ég einn geri þetta þá breytist ekkert, en eftir því sem fleiri taka þátt förum við fljótt að sjá breytingar”.

Plastlaus reiðtúr er lífsstíll og fólk verður fyrir áhrifum af því einu að horfa á aðra sem lifir eftir þessum gildum.

Það er mikilvægt að muna að með því að taka til hendinni, jafnvel þótt það sé smátt, geti margt smátt gert eitt stórt og haft í för með sér breytingar.



VERKEFNI 4:FJALLGANGA; TUTTO È PARTITO DAL CIELO

MARKMIÐ

Markmiðið er að sameina íþróttir og stjörnuskoðun á eftirminnilegan hátt.

MARKHÓPUR

Íþróttafélög og sambönd.

SVÆÐI

Monte San Giovanni í Sabina, Rieti, Lazio, Ítalíu.

HREYFING VERKEFNIS

Ganga.

HAGSMUNA- SAMSTARFSADILAR

OG

Open Sky auglýsti framtakið með stuðningi Lazio svæðisins og bæjarstjórn Rieti.

Umhverfissinninn og fjallgöngu leiðsögumaðurinn Mauro Capalletti, ásamt sérfræðingum Landssambands Stjörnufræði fyrir ferðamenn á Ítalíu, sem vottar þau svæði sem eru best til þess fallin að skoða næturhiminn Ítalíu, tóku þátt í verkefninu.

HEIMILDIR

The practice has been shared in many channels and local newspapers, as well as the stakeholders websites.

<https://www.virgilio.it/italia/monte-san-giovanni-in-sabina/eventi/tutto-partito-dal-cielo-una-giornata-tra-eco-trekking-e-astronomia-alla-scoperta-di-monte-san-giovanni-in-sabina> 8062149 6

<https://lifefactorymag.com/2022/08/26/tutto-e-partito-dal-cielo-una-giornata-tra-eco-trekking-e-astronomia-a-monte-san-giovanni-in-sabina/>

<https://www.gazzettadiroma.it/tutto-e-partito-dal-cielo-una-giornata-tra-eco-trekking-e-astronomia-a-monte-san-giovanni-in-sabina/>

<https://www.ilmessaggero.it/rieti/rieti-eco-trekking-monte-tancia-natura-evento-6885494.html>

<https://www.italiansnews.it/tutto-e-partito-dal-cielo/>

<https://www.openskynoprofit.org/tutto-e-partito-dal-cielo/>

<https://www.zarabaza.it/2022/08/09/tutto-e-partito-dal-cielo-una-giornata-tra-eco-trekking-e-astronomia-a-monte-san-giovanni-in-sabina/>

<https://www.facebook.com/479026179096759/posts/pfbid0CKRvXEFcRpCMX3NWbro1DeX1ozLETfA1wTyGgKPNwZFKrEpstdPkhs1KvQYnTKCbI/?d=n>

<https://pedaling.it/2022/03/30/plasticfreeride/>

<https://www.qdpnews.it/comuni/pederobba/pulire-le-strade-pedalando-armati-di-pinze-e-cestini-plastic-free-ride-sbarca-a-pederobba-grazie-a-wamii-maggio-onorati-di-averli-qui/>

<https://ebiketavel.it/plastic-free-ride-uniniziativa-green-su-due-ruote/>

INNGANGUR OG AÐFERÐAFRÆÐI

Framtakið snýst um að sameina umhverfi og menningu á skemmtilegan hátt þar sem íþróttir, matur, tónlist, vísindi og virðing fyrir náttúrunni mætast.

Viðburðurinn tekur sér stað á einni kvöldstund en markmiðið er að vekja áhuga á svæðinu og breikka möguleika þess.

Fyrst tekur hugleiðslukennari alla þátttakendur í hugleiðslu og í kjölfarið hefst vistvæn fjallganga. Leiðin er öllum fær og fer um stórkostlegt svæði. Göngumönnum er ráðlagt að taka með sér hanska og poka til þess að tína rusl sem það sér á leiðinni. Á bakleiðinni verður svo farið yfir hvað umhverfisvæn fjallganga er, svæðið sem búið er að fara, siðfræði göngumannsins og hvernig skuli draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum fjallgöngu.

Sérfræðingar Stjarnfræðisambandsins (National Astronomical Tourism Network en það gefur út þau svæði sem best eru fallin til þess að stunda stjarnfræðigöngur á Ítalíu) mun fjalla um ljósmengun og bjóða upp á möguleikann að prófa öflugna sjónauka sem hjálpar þátttakendum að sjá

ÁSKORANIR

Stærsti vandinn er skipulagning en uppsetning þessa verkefnis hefur verið mjög krefjandi. Upplýsingasöfnun hvað varðar sjálfbærni verkefnisins og að tengja saman alla þætti þess hefur reynst erfitt.

ÁHRIF

Áhrif verkefnisins var aukinn skilningur á mikilvægi þess að vernda umhverfið. Það er ekki bundið við plast- og loftmengun, heldur einnig ljósmengun.

SJÁLFBÆRNI

Þökk sé hagsmunaaðilum, sem og þeim sem komu að skipulagningu, verkefnisins var hægt að setja það á fót. Til að hægt sé að halda því áfram er nauðsynlegt að hafa atvinnumenn og sérfræðinga á sínum sviðum sem getur leiðbeint þátttakendum og úthlutað tækjum og tólum sem eru nauðsynleg verkefninu.

YFIRFÆRSLA

Verkefnið sjálft er ekki mjög erfitt í framkvæmd svo það er mjög líklegt að hægt sé að endurtaka það á öðrum svæðum og löndum. Verkefnið er sniðugt tól til að hvetja fólk til útivistar utan borgarmarkanna.

NIÐURSTAÐA OG LÆRDÓMUR

Það má með sanni segja að verkefnið hafi verið mjög áhugavert og nytsamlegt í því að vekja fólk til umhugsunar hvað umhverfismál varðar. Þeir sem tóku þátt í verkefninu voru margir og með ólíkan bakgrunn en það sem stóð uppúr er án efa samtenging nokkurra hluta: fjallgöngu, stjörnufræði og samfélagsábyrgð.

Verkefnið gefur fólki möguleikann á komast í tæri við umhverfisvanda sem það hefur almennt ekki aðgang að.



Funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them. [Project Number: 101050262]